

Nr. 36.
25.
nóvbr.

Auglýsing

um

samning, er gjörður var í París 4. maí 1910 um ráðstafanir gegn birtingu klámsmíða.

Þýðing.

Samningur um ráðstafanir gegn birtingu klámsmíða.

Með því að stjórnnum neðantaldra ríkja er öllum jafn umhugað um að greiða fyrir skýrslum sín á milli, innan þeirra takmarka, er sett eru í löggjöf hvers ríkis um sig, um þau atriði, er orðið geta til uppljósturs og hegningar á afbrotum, sem drýgð eru með birtingu klámsmíða, hafa þær ákvarðað að gjöra samning um þetta mál og skipað umboðsmenn í því skyni. Áttu þeir fund með sjer í París frá 18. apríl til 4. maí 1910 og urðu ásáttir um eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Hver samningsstjórn um sig skuldbindur sig til að koma á fót eða tilnefna valdsmann, er hafi á hendi:

- 1) að safna öllum upplýsingum, er greitt geti fyrir uppljóstri og hegningu á athöfn-um, er fela í sjer brot á innanlandslöggjöf þeirra um klámrit, uppdrætti, myndir eða aðra hluti, og jafnframt eru alþjóðlegs eðlis;
- 2) að láta í tje allar upplýsingar, er geti komið í veg fyrir innflutning á ritum þeim, eða öðrum hlutum, er nú var getið, svo og að tryggja eða flyta fyrir, að slík rit eða hlutir verði gjörðir upptækir, allt innan þeirra takmarka, er sett eru í innanlandslöggjöf þeirra;
- 3) að láta í tje upplýsingar um lög, sem þegar eru til eða sett verða í ríkjum þeirra, og eiga við efni þessa samnings.

Samningsrikin munu láta hvert annað vita, með milligöngu frakknesku stjórn- arinnar, hver valdsmaður sá sje, sem tilnefndur verður samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Heimilt skal valdsmanni þeim, er getur í 1. gr., að eiga bein brjefaskifti við við samsvarandi stofnun í öðrum samningsríkjum.

Nr. 36. Auglýsing 25. nóvember um samning, er gjörður var í París 4. maí 1910 um ráðstafanir gegn birtingu klámsmíða.

Bekendtgørelse

om

en den 4. Maj 1910 i Paris afsluttet Overenskomst om Forholdsregler imod Offentliggørelse af utugtige Skrifter.

Nr. 36.
25.
Novbr.

Oversættelse.

Arrangement om Forholdsregler mod Offentliggørelse af utugtige Skrifter.

Regeringerne for de nedennævnte Magter, der indenfor de ved deres respektive Lovgivninger fastsatte Grænser i lige høj Grad ønsker at lette den gensidige Meddelelse af Oplysninger, der kan tjene til Eftersporing og Afstraffelse af Forbrydelser, begaaede ved utugtige Offentliggørelser, har besluttet at slutte en Overenskomst herom og har i dette Øjemed udnævnt befuldmægtigede, der har været forsamlede til Konference i Paris fra den 18de April til den 4de Maj 1910 og er komne overens om følgende Bestemmelser.

Art. 1.

Hver af de kontraherende Regeringer forpligter sig til at oprette eller udpege en Myndighed, hvem det paahviler:

- 1) at samle alle Oplysninger, der kan lette Eftersporingen og Afstraffelsen af Handlinger, der udgør Brud paa deres indre Lovgivning om utugtige Skrifter, Tegninger, Billeder eller Genstande, og som tillige har en international Karakter;
- 2) at meddele alle Oplysninger, der kan hindre Indførslen af de i foregaaende Stykke omtalte Offentliggørelser eller Genstande, samt sikre eller fremskynde Beslaglæggelsen deraf, alt indenfor de ved deres indre Lovgivning dragne Grænser;
- 3) at give Meddelelse om de Love, som allerede maatte være udstedte eller blive udstedte i deres Stater angaaende Emnet for nærværende Overenskomst.

De kontraherende Stater vil ved den franske Regerings Mellemkomst gensidig give hinanden Meddelelse om den i Overensstemmelse med nærværende Artikel udpegede Myndighed.

Art. 2.

Den i Art. 1 omtalte Myndighed skal være berettiget til at korrespondere direkte med den tilsvarende Institution i hver af de andre kontraherende Stater.

Nr. 36. Bekendtgørelse af 25. November om en den 4. Maj 1910 i Paris afsluttet Overenskomst om Forholdsregler imod Offentliggørelse af utugtige Skrifter.

Nr. 36.

25.
nóvbr.

3. gr.

Sje innanlandslöggjöf því eigi til fyrirstöðu skal valdsmaður sá, er getur í 1. gr., láta samsvarandi valdsmönnum í öllum hinum samningsríkjum í tje skýrslu um dóma, sem upp eru kveðnir í því landi, um afbrot þau, er ræðir um í 1. gr.

4. gr.

Ríki, er eigi hafa undirskrifað samning þenna, eiga kost á að ganga að honum. Skýra þau frá þessu áformi sínu í skjali, er leggja skal til geymslu í skjalasafni stjórnar frakkneska þjóðveldisins. Skal hún senda hverju samningsríki um sig staðfest eftirrit af skjalinu, stjórnleiðis, og tilgreina jafnframt daginn, er það var lagt til geymslu.

6 mánuðum eftir þann dag öðlast samningurinn gildi í allri landeign þess ríkis, er að honum gekk, og verður það þá samningsríki.

5. gr.

Samningur þessi öðlast gildi 6 mánuðum eftir þann dag, er fullgildingarskjölin verða lögð til geymslu.

Uppsögn á samningi þessum af hálfu eins samningsríkis hefur einungis þýðingu fyrir það ríki, er upp segir.

Uppsögn skal tilkynna í skjali, er leggist til geymslu í skjalasafni stjórnar frakkneska þjóðveldisins. Skal hún senda hverju samningsríki um sig staðfest eftirrit af skjalinu, stjórnleiðis, og tilgreina jafnframt daginn, er það var lagt til geymslu.

12 mánuðum eftir þann dag fellur samningurinn úr gildi alstaðar í landeign þess ríkis, er sagði honum upp.

6. gr.

Samning þenna skal fullgilda og leggja fullgildingarskjölin til geymslu í París jafnskjótt og 6 samningsríki eru tilbúin til þess.

Jafnan er fullgildingarskjal er lagt til geymslu, skal semja gjörð um það og senda hverju samningsríki um sig staðfest eftirrit af henni, stjórnleiðis.

7. gr.

Nú vill samningsríki, að samningur þessi gangi í gildi í einni eða fleiri af nýlendum þess, hjálendum eða konsúlalögdæmum og skýrir það þá frá þessu áformi sínu í skjali, er leggja skal til geymslu í skjalasafni stjórnar frakkneska þjóðveldisins. Skal hún senda hverju samningsríki um sig staðfest eftirrit af skjalinu, stjórnleiðis, og tilgreina jafnframt daginn, er það var lagt til geymslu.

6 mánuðum eftir þann dag öðlast samningurinn gildi í þeim nýlendum, hjálendum eða konsúlalögdæmum, sem tilkynningarskjalið tilgreinir.

Með uppsögn á samningi þessum í einni eða fleiri af nýlendum samningsríkis, hjálendum eða konsúlalögdæmum, skal farið samkvæmt fyrsta kafla þessarar greinar. Öðlast hún gildi 12 mánuðum eftir þann dag, sem uppsagnarskjalið er lagt til geymslu í skjalasafni stjórnar frakkneska þjóðveldisins.

8. gr.

Samningur þessi er dagsettur 4. maí 1910 og geta umboðsmenn þeirra ríkja Nr. 36. Auglýsing 25. nóvember um samning, er gjörður var í París 4. maí 1910 um ráðstafanir gegn birtingu klámsmíða.

Art. 3.

Den i Art. 1 omtalte Myndighed skal, saafremt dens Lands indre Lovgivning ikke er til Hinder derfor, meddele de tilsvarende Myndigheder i alle de øvrige kontraherende Stater Referater af de i nævnte Land fældede Domme angaaende de i Art. 1 omtalte Overtrædelser.

Nr. 36.
25.
Novbr.

Art. 4.

Stater, der ikke har undertegnet nærværende Arrangement, kan tiltræde det. De notificerer denne deres Hensigt ved et Dokument, der deponeres i den franske Republiks Regerings Arkiv. Denne skal ad diplomatisk Vej tilstille hver af de kontraherende Stater bekræftet Genpart heraf og samtidig underrette dem om Datoen for Deponeringen.

6 Maaneder efter denne Dato træder Arrangementet i Kraft for hele den tiltrædende Stats Territorium, hvilken derved bliver kontraherende Stat.

Art. 5.

Nærværende Arrangement skal træde i Kraft 6 Maaneder efter Datoen for Deponeringen af Ratifikationerne.

I Tilfælde af, at en af de kontraherende Stater skulde opsige Arrangementet, skal denne Opsigelse kun have Virkning med Hensyn til denne Stat.

Opsigelsen skal notificeres ved et Dokument, som deponeres i den franske Republiks Regerings Arkiv. Denne skal ad diplomatisk Vej tilstille hver af de kontraherende Stater bekræftet Genpart heraf og samtidig underrette dem om Datoen for Deponeringen.

12 Maaneder efter denne Dato ophører Arrangementet at være i Kraft overalt paa den Stats Territorium, der har opsagt det.

Art. 6.

Nærværende Arrangement skal ratificeres og Ratifikationerne deponeres i Paris, saasnaart 6 af de kontraherende Stater er i Stand dertil.

Om enhver Deponering af Ratifikationer skal der optages en Protokol, hvoraf bekræftet Genpart ad diplomatisk Vej skal tilstilles hver af de kontraherende Stater.

Art. 7.

Hvis en kontraherende Stat ønsker, at nærværende Arrangement skal træde i Kraft i en eller flere af dens Kolonier, Besiddelser eller Konsularjurisdiktionsdistrikter, skal den notificere denne sin Hensigt ved et Dokument, som skal deponeres i den franske Republiks Regerings Arkiv. Denne skal ad diplomatisk Vej tilstille hver af de kontraherende Stater bekræftet Genpart heraf og samtidig underrette dem om Datoen for Deponeringen.

6 Maaneder efter denne Dato træder Arrangementet i Kraft i de i Notifikationsdokumentet omhandlede Kolonier, Besiddelser og Konsularjurisdiktionsdistrikter.

En kontraherende Stats Opsigelse af Arrangementet for en eller flere af dens Kolonier, Besiddelser eller Konsularjurisdiktionsdistrikter skal ske med Iagttagelse af de i nærværende Artikels første Stykke angivne Former og under de der nævnte Betingelser. Den træder i Kraft 12 Maaneder efter Datoen for Deponeringen af Opsigelsesdokumentet i den franske Regerings Arkiv.

Art. 8.

Nærværende Arrangement, der bærer Datoen 4de Maj 1910, kan undertegnes

Nr. 36. Bekendtgørelse af 25. November om en den 4. Maj 1910 i Paris afsluttet Overenskomst om Forholdsregler imod Offentliggørelse af utugtige Skrifter.

Nr. 36. er tóku þátt í ráðstefnunni um ráðstafanir gegn birtingu klámsmiða, undirskrifað hann
 25. í París til 31. júlí næstkomandi.
 nóvbr.

Gjört í París, fjórða maí nítján hundruð og tíu í einu eintaki og skal hverri hinna undirskrifuðu stjórna látið í tje staðfest eftirrit af því.

Fyrir Þýskaland:
 (L. S.) Undirr.: **Albrecht Lentze.**
 (L. S.) Undirr.: **Curt Joël.**

Fyrir Austurríki og fyrir Ungverjaland:
 (L. S.) Undirr.: **A. Nemes,**
 austurrískur-ungverskur erindreki.

Fyrir Austurríki:
 (L. S.) Undirr.: **J. Eichhoff,**
 keisarl.-konungl. austurrískt deildarráð.

Fyrir Ungverjaland:
 (L. S.) Undirr.: **G. Lers,**
 konungl. ungverskt stjórnarráð.

Fyrir Belgíu:
 (L. S.) Undirr.: **Jules Lejeune.**
 (L. S.) Undirr.: **Isidore Maus.**

Fyrir Brasilíu:
 (L. S.) Undirr.: **J. C. de Souza Bandera.**

Fyrir Danmörku:
 (L. S.) Undirr.: **C. E. Cold.**

Fyrir Spán:
 (L. S.) Undirr.: **Octavio Cuartero.**

Fyrir Bandaríkin:
 (L. S.) Undirr.: **A. Bailly Blanchard.**

Fyrir Frakkland:
 (L. S.) Undirr.: **R. Bérenger.**

Fyrir Stórbretaland:
 (L. S.) Undirr.: **E. W. Farnall.**
 (L. S.) Undirr.: **F. S. Bullock.**
 (L. S.) Undirr.: **G. A. Aitken.**

Fyrir Ítalíu:
 (L. S.) Undirr.: **J. C. Buzzatti.**
 (L. S.) Undirr.: **Gerolamo Calvi.**

Fyrir Niðurlöndin:
 (L. S.) Undirr.: **A. de Stuers.**
 (L. S.) Undirr.: **Rethaan Macare.**

Fyrir Portúgal:
 (L. S.) Undirr.: **Greifinn af Souza Roza.**

Fyrir Rússland:
 (L. S.) Undirr.: **Alexis de Bellegarde.**
 (L. S.) Undirr.: **Wladimir Dèruginsky.**

Fyrir Sviss:
 (L. S.) Undirr.: **Lardy.**

Þýðing.

Gjörð um afhending og geymslu á fullgildingum samnings þess, er var undirskrifaður í París 4. maí 1910, um ráðstafanir gegn birtingu klámsmiða.

Samkvæmt 6. gr. í þjóðsamningnum 4. maí 1910 hafa undirritaðir komið saman í utanríkisráðaneytinu í París til þess að leggja fullgildingarskjölin til geymslu og afhenda þau stjórn frakkneska þjóðveldisins.

Fullgildingarskjöl þau, er

- 1) Hans hátign Þýskalands keisari, konungur í Prússlandi;
- 2) Hans hágöfgi forseti Bandaríkjanna í Ameríku;
- 3) Hans hátign konungurinn í Belgíu;
- 4) Hans hátign konungurinn á Spáni;
- 5) Forseti frakkneska þjóðveldisins;
- 6) Hans hátign konungurinn yfir hinu sameinaða konungsríki Bretlandi hinu mikla og Írlandi og eignum Breta handan hafs, keisari yfir Indlandi;

Nr. 36. Auglýsing 25. nóvember um samning, er gjörður var í París 4. maí 1910 um ráðstafanir gegn birtingu klámsmiða.

i Paris indtil førstkommande 31te Juli af befuldmægtigede for de paa Konferencen Nr. 36. om Forholdsregler mod Offentliggørelse af utugtige Skrifter repræsenterede Magter. 25. Novbr.

Sket i Paris, den 4de Maj Nitten Hundrede og Ti i eet Eksempplar, hvoraf bekræftet Genpart skal overgives hver af de undertegnede Regeringer.

For Tyskland:

(L. S.) Sign.: **Albrecht Lentze.**

(L. S.) Sign.: **Curt Joël.**

For Østerrig og for Ungarn:

(L. S.) Sign.: **A. Nemes,**
østerrig-ungarsk Chargé d'Affaires.

For Østerrig:

(L. S.) Sign.: **J. Eichhoff,**
Kejserlig-kongelig østerrigsk Sektionsraad.

For Ungarn:

(L. L.) Sign.: **G. Lers,**
Kongelig ungarsk Ministerialraad.

For Belgien:

(L. S.): **Jules Lejeune.**
(L. S.) Sign.: **Isidore Maus.**

For Brasilien:

(L. S.): **J. C. de Souza Bandera.**

For Danmark:

(L. S.) Sign.: **C. E. Cold.**

For Spanien:

(L. S.) Sign.: **Octavio Cárter.**

For de forenede Stater:

(L. S.) Sign.: **A. Bailly Blanchard.**

For Frankrig:

(L. S.) Sign.: **R. Bérenger.**

For Storbritannien:

(L. S.) Sign.: **E. W. Farnall.**

(L. S.) Sign.: **F. S. Bullock.**

(L. S.) Sign.: **G. A. Aitken.**

For Italien:

(L. S.) Sign.: **J. C. Buzzatti.**

(L. S.) Sign.: **Gerolami Calvi.**

For Nederlandene:

(L. S.) Sign.: **A. de Stuers.**

(L. S.) Sign.: **Reethaan Macare.**

For Portugal:

(L. S.) Sign.: **Grev de Souza Roza.**

For Rusland:

L. S.) Sign.: **Alexis de Bellegarde.**

(L. S.) Sign.: **Wladimir Dèruginsky.**

For Schweiz:

(L. S.) Sign.: **Lardy.**

Oversættelse.

Protokol angaaende Deponering af Ratifikationer af det den 4de Maj 1910 i Paris undertegnede Arrangement om Forholdsregler mod Offentliggørelse af utugtige Skrifter.

I Henhold til Artikel 6 i det internationale Arrangement af 4de Maj 1910 er de undertegnede komne sammen i Udenrigsministeriet i Paris for at foretage Depo-
neringen af Ratifikationerne og overlevere dem til den franske Republiks Regering.

De af

- 1) Hans Majestæt den tyske Kejser, Kongen af Preussen;
- 2) Hans Excellence Præsidenten for de forenede amerikanske Stater;
- 3) Hans Majestæt Belgiernes Konge;
- 4) Hans Majestæt Kongen af Spanien;
- 5) Præsidenten for den franske Republik;
- 6) Hans Majestæt Kongen af det forenede Kongerige Storbritannien og Irland og de britiske oversøiske Besiddelser, Kejser af Indien;

Nr. 36. Bekendtgørelse af 25. November om en den 4. Maj 1910 i Paris afsluttet Overenskomst om Forholdsregler imod Offentliggørelse af utugtige Skrifter.

Nr. 36. 7) Hans hátign konungurinn í Ítalíu;

25. 8) og hin svissneska sambandsstjórn,
nóvbr.

höfðu undirskrifað, voru lögð fram og rannsökuð og reyndust góð og gild. Voru þau síðan afhent stjórn frakkneska þjóðveldisins til geymslu í skjalasafni utanríkisráðaneytisins.

Samkvæmt ákvæðum fyrnefndrar greinar mun frakkneska stjórnin tilkynna samningsríkjunum jafnóðum og fullgildingarskjöl verða lögð til geymslu af hálfu ríkja, er samninginn hafa undirskrifað, en eigi verið tilbúin til þessarar athafnar í dag.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir samið gjörð þessa og sett á hana innsigli sín.

Gjört í París, 15. mars 1911.

Fyrir þýzkaland:

(L. S.) Undirr.: **Schoen.**

Fyrir Bandaríkin í Ameríku:

(L. S.) Undirr.: **A. Bailly Blanchard.**

Fyrir Belgíu:

(L. S.) Undirr.: **Guillaume.**

Fyrir Spán:

(L. S.) Undirr.: **I. Perez Caballero.**

Fyrir frakkneska þjóðveldið.

(L. S.) Undirr.: **Jean Cruppi.**

Fyrir Stórbretaland:

(L. S.) Undirr.: **Francis Bertie.**

Fyrir Ítalíu:

(L. S.) Undirr.: **Tittoni.**

Fyrir Sviss:

(L. S.) Undirr.: **Lardy.**

Þýðing.

Danski sendiherrann í París hefur verið í utanríkisráðaneytinu í dag til þess, ásamt utanríkisráðherra frakkneska þjóðveldisins, að leggja til geymslu fullgildingu Hans hátignar Danmerkur konungs á samningi þeim um ráðstafanir gegn birtingu klámsmíða, er var undirskrifaður í París 4. maí 1910. Skjalið var rannsakað og reyndist gott og gilt, og var það síðan afhent til geymslu í skjalasafni frakkneska þjóðveldisins.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir samið gjörð þessa og sett á hana innsigli sín.

(L. S.) Undirr.: **F. Reventlow.**

(L. S.) Undirr.: **Jean Cruppi.**

Samkvæmt konungsúrskurði 17. júní þ. á. hefur sendiherra Dana í París tilkynnt frakkneska utanríkisráðaneytinu, að Ísland gangi að framanskráðum samningi og var tilkynningarskjalið lagt til geymslu 28. júlí þ. á. Samningurinn öðlast því gildi á Íslandi 28. janúar 1913.

Þetta tilkynnist hjermeð almenningi.

Í stjórnarráði Íslands, 25. nóvember 1912.

H. Hafstein.

Jon Krabbe.

7) Hans Majestæt Kongen af Italien;

8) og det schweiziske Forbundsraad

undertegnede Ratifikationsinstrumenter blev fremlagt, hvilke efter stædfunden Undersøgelse blev befundet i god og behørig Form, hvorefter de blev overleveret til den franske Republiks Regering for at deponeres i Udenrigsministeriets Arkiv.

Overensstemmende med fornævnte Artikels Bestemmelser vil den franske Regering give de kontraherende Magter Underretning om den successive Deponering af Ratifikationsinstrumenter, der maatte blive foretaget af de Magter, der har underskrevet Arrangementet, men som ikke har været i Stand til i Dag at skride til denne Formalitet.

Til Bekræftelse heraf har de undertegnede optaget nærværende Protokol og forsynet den med deres Segl.

Sket i Paris den 15de Marts 1911.

For Tyskland:

(L. S.) Sign.: **Schoen.**

For den franske Republik:

(L. S.) Sign.: **Jean Cruppi.**

For de forenede amerikanske Stater:

(L. S.) Sign.: **A. Bailly Blanchard.**

For Storbritannien:

(L. S.) Sign.: **Francis Bertie.**

For Belgien:

(L. S.) Sign.: **Guillaume.**

For Italien:

(L. S.) Sign.: **Tittoni.**

For Spanien:

(L. S.) Sign.: **I. Perez Caballero.**

For Schweiz:

(L. S.) Sign.: **Lardy.**

Oversættelse.

Den danske Gesandt i Paris har i Dag indfundet sig i Udenrigsministeriet for sammen med den franske Republiks Udenrigsminister at foretage Deponeringen af Hans Majestæt Kongen af Danmarks Ratifikation af det den 4de Maj 1910 i Paris undertegnede Arrangement om Forholdsregler mod Offentliggørelse af utugtige Skrifter. Efterat Instrumentet ved Undersøgelse befandtes i god og behørig Form, blev det deponeret for at opbevares i den franske Republiks Arkiv.

Til Bekræftelse heraf har de undertegnede optaget nærværende Protokol, som de har forsynet med deres Segl.

Sket i Paris i to Eksemplarer, den 8de April 1911.

(L. S.) Sign.: **F. Reventlow.**

(L. S.): **Jean Cruppi.**

I Henhold til kongelig Resolution af 17de Juni d. A. har den danske Gesandt i Paris notificeret det franske Udenrigsministerium Islands Tiltrædelse af foranstaaende Arrangement; Deponeringen af Notifikationsdokumentet fandt Sted den 28de Juli d. A. og Arrangementet træder saaledes i Kraft for Islands Vedkommende den 28de Januar 1913.

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

Islands Ministerium, den 25de November 1912.

H. Hafstein.

Jon Krabbe.